


LOPVEGUR
16.3.86



FORNBÍLLINN

Félagsrit Fornbílaklúbbs Íslands

1.tbl. 8. árg. Febrúar 1986

Skemmtilegur bill uppgötvadur



Sem betur fer gerast skemmtilegir atburðir af og til, nokkuð sem fær hjórtu okkar fornbílaáhugamanna til að slá örur af spennu og forvitni. Við fréttum af bílum sem geymdir hafa verið í skúrum eða skúmaskotum svo áratugum skiptir og nánast enginn veit um!

Þar sem þannig stóð á um þær mundir sem frúin hringdi, að við Eyjólfur höfðum ráðgert að heimsækja nýja formanninn okkar, hann Rúdolf Kristinsson, og skyggjast um í skúr hans, þá ákváðum við að slá tvær flugur í einu höggi og heimsækja frúna fyrst og skoða þennan dýrgrip hennar.


Slíkt kom uppá nú ekki fyrir löngu síðan, þegar frú ein hringdi í undirritaðan og sagðist eiga í bílskúrnum hjá sér sérstæðan bíl, sem væri til sölu og að hún og maðurinn hennar vildu að kæmist í réttar hendur, þ.e. að einhver góður fornbílaáhugamaður tæki hann í fóstur. Þarna væri um að ræða Hudson Jet, árgerð 1954, sem ekki hefði verið notaður síðan 1966, en staðið í bílskúr alla tíð síðan.

Við héldum því niður í Fossvog heim til hjónanna Guðgeirs Ólafssonar og Guðrúnar Pétursdóttur og var okkur góðfúslega vísað inn í bílskúr, þar sem gersemin beið okkar.



HVER ER ÞESSI HUDSON JET?

Við höfðum ekki hugmynd um hvernig þessi Hudson lítur út áður en við komum þarna og var því forvitni okkar ennþá meiri en ella. Og ég verð að segja það fyrir mig að útlit hans kom mér allnokkuð á óvart. Ég hafði í huga tebollulagið á 1949-51 árgerðinni eða kubbslega lagið á litla Ramblernum, arftaka Hudson. En þessi Hudson Jet er nettur, ansi lögulegur bíll, minnir helst á Ford 1954. Hann er fjögurra dyra, með sex strokka "flathead" vél. Frúin sýndi okkur mynd af honum, sem tekin var á unglingsárum bílsins og á henni sést að hann var ríkulega búinn krómi, tvílitur og flottur!



Svona lítur HUDSON JET út í dag.

SAGA BÍLSINS.

Hudsoninn var fluttur inn af Heildversluninni Heklu hf. fyrir Pál S. Páls-son hrl. heitinn og samkvæmt afhendingar-pappírnum frá Heklu, sem enn eru fyrir hendi, var bíllinn afhentur honum hinn 14. desember 1954 og skráður á númerið R-59. Páll átti hinsvegar bílinn mjög stuttan tíma, því þegar Guðgeir og Guðrún eignast hann á árinu 1955 hafði Guðjón verslunarstjóri í Matardeild SS átt hann einhvern tíma líka.

Þau Guðgeir og Guðrún notuðu bílinn síðan í 10 ár, ferðuðust um landið vítt og breitt og kunnu afskaplega vel við bílinn. Að öllum þessum árum liðnum var bíllinn dálítið farinn að láta á sjá, enda stendur vegmælirinn í 97729 mílum (sem er býsna lítið á 31 árs gömlum bíl). Það átti því að taka hann í gegn og laga og var hafist handa á árinu 1966,



Kíkt undir húddið. Sex strokka "flathead", sést ekkert ryð í innri brettum eða hvalbak.

skipt um bæði frambrettin, sem voru farin að ryðga, og bíllinn búinn undir sprautun. Allt króm var tekið af honum, búið er að grunna og spársla að hluta, en síðan ekki söguna meir! Þannig lítur bíllinn enn út í dag, allt króm er fyrir hendi og mest af því í góðu ásigkomulagi, byrjað hefur verið á endurbótum á áklæði sem annars virðist vera í samilegasta standi. Mælaborðið og stýrið er sérlega glæsilegt, mikið krómað og skemmtilega útfært.



Mælaborðið er glæsilegt, heilmikið króm og ekki er stýrið síðra!

Semsagt, hér er á boðstólnum óvenjulega góður efniviður í glæsilegan forn bíl og ekki spillir það fyrir, að um mjög sjaldséða gerð er að ræða og þetta er eina eintakið hér á landi! Ekki hefur verið sett fram nein verðhugmynd, en hjónin vilja fá tilboð frá forn bílaáhugamanni, sem fús er til að taka Hudsoninn í fóstur og veita honum gott atlæti í framtíðinni.

JEB.